

**Nd.**

**229. Nefndarálit**

um frv. til laga um viðauka og breytingu á fátækralögum 10. nóv. 1905.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um frv. þetta. Vill meiri hluti nefndarinnar ráða hv. deild til þess að fella frumvarpið.

Lítur meiri hlutinn svo á, að ef frv. þetta verður samþykkt, þá raski það öllum grundvelli fátækralaganna, svo að þau verði að mestu úr sögunni, ef frv. verður samþykkt. Allur fátækrastyrkur væri með frumvarpinu afnuminn, því þau fáu tilfelli, sem yrðu eftir, eru svo fá, að þeirra gætti sama og ekki. Lítur meiri hl. svo á, að ef svo stórfeld röskun er gerð á fátækralögnum, verði hún að

vera vandlega undirbúin, og jafnframt sjálfsagt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fá eitthvað í staðinn, sem ljetti nndir mjög þnngan bagga sveitar- og bæjarsjóða. Mætti í því sambandi nefna almennar tryggingar o. s. frv. Það leiðir af sjálfu sjer, að ef frv. þetta verðnr samþykkt, mun afleiðingin verða sú, að menn alment verða miklu stórtækari til sveitarsjóðanna en áður, ef styrkuriun hefir ekki lengur neinn rjettindamissi í för með sjer.

Það er auðvitað, að þessi rjettindamissir, sem sveitarstyrkur hefir í för með sjer, kemnr hart niður á sumum, en það má segja það sama um flest lög, sem koma við almenning.

Meiri hlutinn lítur svo á, að það sje mjög óheppilegt að hrapa fljótlega að stórfeldum breytingum á fátækralögum, og ræður þess vegna hv. deild til þess að fella frv. þetta.

Alþingi, 24. mars 1924.

Jón Þorláksson,  
form.

Magnús Jónsson.

Jón Kjartansson,  
frasm.